

Tilmæli 24/2024  
Tillaga A 1977/UHN  
Afgreiðsla Norræna sjálfbærnefndin

## Nefndarálit um svar við tilmælum 24/2024 um gagnsæi um auðlindir jarðefnaeldsneytis, NMR (A 1977/UHN)

Norræna sjálfbærnefndin leggur til að Norðurlandaráð taki svar við tilmælum 24/2024 um gagnsæi um auðlindir jarðefnaeldsneytis til greina og líti svo á að *afgreiðslu þeirra sé lokið* af hálfu ráðsins.

### Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að efla aðgerðir til að auka þekkingu á aðgangi að og vinnslu jarðefnaeldsneytis á alþjóðlegum vettvangi.

### Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræna ráðherranefndin þakkar Norðurlandaráði tilmælin um að stuðla að aukinni þekkingu á alþjóðavettvangi um hvar vinnanlegt jarðefnaeldsneyti er að finna og um vinnslu á því.

Eins og nefnt er í nefndaráliti sem fylgir tilmælunum skila Norðurlönd þegar upplýsingum til ýmissa stofnana, m.a. Evrópusambandsins, OECD og UNFCCC, um notkun jarðefnaeldsneytis í löndunum og um losun vegna hennar í CO<sub>2</sub>-ígildum samkvæmt alþjóðlega viðurkenndum skráningarstöðlum. Í nefndarálitinu kemur einnig fram að nefndin hafi fylgst af áhuga með verkefninu „Klimatomställning i Norden“ sem hefur skilað þeim árangri að safnað hefur verið sameiginlegri þekkingu og stuðlað að því að reynslu Norðurlandanna á þessu sviði sé miðlað til annarra landa.

Nefndarálitið gefur óbeint til kynna að þessi skráning upplýsinga sé ekki fullnægjandi og að nást þurfi víðtækari alþjóðleg samstaða um sameiginlega staðla og aðferðir til að skrá upplýsingar um vinnanlegt jarðefnaeldsneyti ríkja, vinnslu þess og notkun, sem og ekki síst tjón og heilsufarsáhrif sem þessu geta fylgt.



Norræna ráðherranefndin telur rétt að nefna að nú þegar eru teknar saman ítarlegar skýrslur og spár um vinnanlegt jarðefnaeldsneyti, vinnsla þess og notkun, svo og afleiðingar alls þessa, t.d. að því er varðar hlýnun um allan heim og vinnuna við að ná markmiðum Parísarsamningsins, og að loftslagsnefnd Sameinuðu þjóðanna annast umfangsmikla söfnun þekkingar um áhrifin af losun gróðurhúsagasa, m.a. vegna brennslu jarðefnaeldsneytis.

Almennt hafa mál þróast með þeim hætti undanfarin ár, einkum í starfi UNFCCC, að aukin áhersla hefur verið lögð á notkun jarðefnaeldsneytis og þýðingu þess í tengslum við loftslagsbreytingar og vinnuna við að ná markmiðum Parísarsamningsins. Þetta hefur gerst m.a. á grundvelli skýrslna frá Alþjóðlegu orkumálastofnuninni (IEA), þar sem athyglin hefur í auknum mæli beinst að sambandinu milli jarðefnaeldsneytis og loftslags (sjá t.d. <https://www.iea.org/reports/world-energy-outlook-2024>) og umfram allt skýrslunnar „Production Gap Report“ frá Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP), sem var gefin út fyrst árið 2019 (sjá einnig <https://www.unep.org/resources/production-gap-report-2023>). Á sama tímabili hefur verið hleypt af stokkunum samstarfi á borð við Powering Past Coal Alliance (PPCA - <https://poweringpastcoal.org/>) og undir forystu Dana hinu svonefnda Beyond Oil and Gas Alliance (BOGA - <https://beyondoilandgasalliance.org/>), sem allt hefur stuðlað að því að viðleitni til að hætta smám saman notkun jarðefnaeldsneytis er enn sem áður eitt mikilvægasta umræðuefnið í milliríkjaviðræðum um loftslagsmál. Loks hafa fyrirbyggjandi aðgerðir og ráðstafanir til að takast á við „tap og tjón“ (*loss and damage*) af völdum aukinna loftslagsbreytinga fengið mikilvæga stöðu í milliríkjaviðræðum um loftslagsmál, að miklu leyti vegna ágreinings um hvernig standa skuli undir kostnaði vegna þessa.

Að því er varðar loftgæði og heilsu hafa á sama hátt safnast um það gögn um langt skeið að brennsla jarðefnaeldsneytis er umfangsmikil uppspretta loftmengunar á borð við svifryk (PM<sub>2,5</sub>), nituroxíð (NO<sub>x</sub>) og brennisteinstvíoxíð (SO<sub>2</sub>). Mengun af því tagi getur haft alvarleg áhrif á heilsuna og meðal annars aukið hættuna á hjarta- og æðasjúkdómum, öndunarfærasjúkdómum og andláti fyrir aldur fram, og er sá umhverfisþáttur sem heilsu manna stendur mest ógn af bæði á Norðurlöndum og um allan heim (sjá t.d. <https://www.svt.se/nyheter/utrikes/luftfororening-ar-det-enskilt-storsta-miljohotet-mot-manniskors-halsa>). Á alþjóðavettvangi hafa samningur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO og efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu, UNECE, um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa (CLRTAP) og loftgæðatilskipun Evrópusambandsins haft grundvallarþýðingu fyrir skráningu upplýsinga og söfnun þekkingar um áhrif slíkrar mengunar á heilsuna. Við þetta bætist að OECD og Umhverfisstofnun Evrópu (EEA) hafa undanfarin ár unnið að því að gera



grein fyrir heildarkostnaði samfélagsins vegna loftmengunar sem rekja má til brennslu jarðefnaeldsneytis.

Svið umhverfis- og loftslagsmála hefur á yfirstandandi áætlunartímabili, 2025–2027, hleypt af stokkunum nýrri áætlun með yfirskriftinni Loftslags- og loftgæði, en það er að hluta til framhald á hinu eldra verkefni um umskipti vegna loftslagsbreytinga á Norðurlöndum og snýst um samlegðaráhrif sem ná mætti fram milli aðgerða á sviði loftslagsmála annars vegar og loftgæða hins vegar. Unnið er að því með þátttöku þeirra sem af hálfu Norðurlanda annast viðræður um þessa málaflokka á alþjóðavettvangi. Með vísan til þessa vill Norræna ráðherranefndin leggja tilmælin til grundvallar vinnu sinni samkvæmt áætluninni, þar á meðal að athuga fyrst í stað hvort þörf kunni að vera á því að betrubæta skýrslugjöf norrænu landanna.

Norræna ráðherranefndin lætur þess þó einnig getið að erfitt og seinlegt geti verið að þróa og innleiða nýja alþjóðlega staðla fyrir skýrslugjöf ríkja, og að álitamál sem varða aukið gagnsæi séu oft rædd ekki síður en önnur atriði í milliríkjaviðræðum og hjá alþjóðastofnunum.

*Með hliðsjón af framangreindu telur ráðherranefndin að tilmælunum hafi verið svarað.*

## **Sjónarmið nefndarinnar**

Nefndin þakkar ýtarlegt svar Norrænu ráðherranefndarinnar við tilmælum 24/2024 um gagnsæi um auðlindir jarðefnaeldsneytis (A 1977/UHN). Á nefndarfundum 28. október 2025 ákvað nefndin, að tillögu flokkahóps jafnaðarmanna og Norræns frelsis, að álíta svarið við tilmælunum afgreitt af hálfu ráðsins.

Stokkhólmi, 28. október 2025

*Johan Andersson (S)*  
*Ragnhild Bergheim (A)*  
*Karin Gaardsted (S)*  
*Åsa Karlsson (S)*  
*Halla Hrund Logadóttir (Frfl)*  
*Oda Indgaard (MDG)*  
*Rebecka Le Moine (MP)*  
*Krista Mikkonen (grænum)*

*Bryndís Haraldsdóttir (Sj.)*  
*Jón Gunnarsson (Sjfl.)*  
*Susanne Nordström (M)*  
*Mariane Paviasen (IA)*  
*Trine Pertou Mach (EL)*  
*Staffan Eklöf (SD)*  
*Marius Arion Nilsen (FrP)*  
*Rune Midtun (FrP)*